

**Nr. 066 / 16 Bravo VE 160****Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 2578  
Smíðaður: Hellissandi 2003 trefjaplast  
Stærð: 0 brl. 5,82 bt.  
Mesta lengd: 9,21 m Skráð lengd: 8,31 m  
Breidd: 2,72 m Dýpt: 1,35 m  
Vél: Yanmar 213,3 kW 2006  
Fjöldi skipverja: 1



Bravo©Fiskifrétir

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 17. október 2016 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 25. júní 2016 var Bravo VE 160 á handfæraveiðum um 19 sml. ASA af Vestmanneyjum. Veður: VSV 2 m/sek

Skipstjóri hafði samband við Vakstöð siglinga og tilkynnti að báturinn væri vélarvana og óskaði eftir aðstoð. Haft var samband við Birtu Dís GK 135 sem dró bátinn til hafnar í Vestmanneyjum.

**Við rannsókn kom fram:**

- að ekki var hægt að starta vélinni í gang og í ljós kom að rafmagnstengi við startpunginn hafði dottið úr sambandi.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.